



Reykjavík, 28. maí 2024
SFS22040100

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Tillaga um hámarksfjölda nemenda með lögheimili í Reykjavík sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2024 – 2025

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. maí 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. maí 2024, ásamt umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 22. maí 2024:

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda nemenda með lögheimili í Reykjavík sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2024-2025 verði eftirfarandi: Waldorfskólinn Lækjabetnum; 74, Alþjóðaskólinn á Íslandi; 50, Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ; 8, Grunnskólinn NÚ, Framsýn; 20. Ákvörðun um viðmið verði tímabundinn og gildi til 1. júlí 2025, fyrir þann tíma verði tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu. Með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar meirihlutans fagna því mikla og góða starfi sem unnið er í sjálfstætt starfandi grunnskólum, en það ýtir undir fjölbreytileika og val, ásamt því að bjóða upp á möguleika á nýsköpun í skólastarfi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkja tillöguna enda verið að koma til móts við óskir umræddra skóla um hámarksfjölda nemenda á komandi skólaári. Engu að síður telja fulltrúar Sjálfstæðisflokks að ekki ætti að setja slíkt hámark heldur eigi nemendafjöldi að ráðast af plássi í skólunum og getu skólanna til að taka á móti nemendum. Slíkt fyrirkomulag væri liður í að foreldrar hafi aukið val um skóla fyrir börn sín.

Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.



Reykjavík



Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 21. maí 2024

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 22. maí 2024



Reykjavík

Reykjavík, 21. maí 2024
SFS22040100

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundaráðs

Efni: *Tillaga um viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt starfandi grunnskóla utan Reykjavíkur*

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda nemenda með lögheimili í Reykjavík sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinnna grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2024-2025 verði eftirfarandi:

Waldorfskólinn Lækjabotnum; 74
Alþjóðaskólinn á Íslandi; 50
Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ; 8
Grunnskólinn NÚ, Framsýn; 20

Ákvörðun um viðmið verði tímabundinn og gildi til 1. júlí 2025, fyrir þann tíma verði tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu. Með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélags. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.

Greinargerð:

I. Forsaga málsins

Á fundi borgarráðs nr. 5705, þann 23 maí 2023 var samþykkt tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. maí 2023, um viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem greitt er framlag vegna til sjálfstætt starfandi grunnskóla utan Reykjavíkur skólaárið 2023-2024. Í öllum tilvikum var ákvörðun tímabundin til 1. júlí 2024 og fyrir þann tíma skyldi tekin ákvörðun um framlengingu eða endurskoðun á fyrirkomulaginu.

Frá árinu 2016 hafa viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda í sjálfstætt reknum grunnskólum utan Reykjavíkur verið ákveðin árlega.

II. Helstu ákvæði laga um grunnskóla og reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla.

Í 43. gr. a.-f. laga um grunnskóla nr. 91/2009 er fjallað um sjálfstætt rekna grunnskóla.

Til samræmis við 1. mgr. 43. gr. a í lögum um grunnskóla er kveðið á um að sveitarfélag sem skóli starfar í skuli gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans.

Í lögum um grunnskóla er ekki gert ráð fyrir að þjónustusamningur sem staðfestur er af Menntamálastofnun sé gerður milli viðkomandi sveitarfélags og viðkomandi grunnskóla og á sveitarfélagið ekki aðkomu að málum er varða innritun, gjaldtöku eða skólagöngu barnsins, með sama hætti og ef sjálfstætt rekinn grunnskóli er staðsettur í sama sveitarfélag og viðkomandi á lögheimili í. Á hinn bóginn hafa sveitarfélög almenna heimild í 100. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 til að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd þjónustustarfsemi sem þeim er lögum skylt eða heimilt að sinna.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla eiga grunnskólar sem eru reknir af einkaaðila á grundvelli laga um grunnskóla og þjónustusamnings við sveitarfélag sem hlotið hefur staðfestingu Menntamálastofnunar, rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem eiga lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar og vegna barna sem ráðstafað hefur verið í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Sama gildir um grunnskóla sem þegar eru starfandi á grundvelli viðurkenningar ráðherra, en sveitarfélagi er þó heimilt í þjónustusamningi að takmarka framlag úr sveitarsjóði við hámarksfjölda nemenda. Þá getur Reykjavíkurborg takmarkað hámarksfjölda nemenda við skólann sem sveitarfélaginu ber að greiða kostnað af, sbr. 7. tl. 43. gr. a laga um grunnskóla, með hliðstæðum hætti og sveitarfélag sem sjálfstætt rekinn grunnskólar starfar í.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna leikskóla gildir í þeim tilvikum þegar barn sækir sjálfstætt rekinn grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags skulu lögheimilissveitarfélag og viðtökusveitarfélag gera með sér samning á grundvelli 5. gr. grunnskólalaga áður en barn er innritað í viðkomandi skóla. Viðtökusveitarfélag hefur þá sömu skyldur gagnvart skólavist barnsins og ætti það lögheimili þar. Um framlag úr sveitarsjóði í slíkum tilvikum fer með sama hætti og vegna annarra barna sem sækja skóla sem reknir eru af sveitarfélögum utan lögheimilissveitarfélags.

Gera verður ráð fyrir að sveitarfélagi sé heimilt á grundvelli framangreinds lagaákvæðis í grunnskólalögum og stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélags til sjálfstjórnar samkvæmt 78. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, að takmarka fjárframlög sín til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan sveitarfélagsins en tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir, sbr. einnig 1. gr. og 2. mgr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Við það er miðað að sama framlag verði greitt til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur og gilda skv. 8. gr. reglugerðar nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla. Í 1. mgr. 8. gr. kemur fram að framlagið skuli nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

III. Sjálfstætt starfandi grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu

Waldorfskólinn Lækjarbotnum

Skólaárið 2023-2024 stunda 58 reykvískir nemendur nám í skólanum en viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt var að greiða framlag vegna skólaársins 2023-2024 var 74.

Ekki bárust upplýsingar um áætlaðan fjölda reykvískra nemenda við skólann skólaárið 2024-2025.

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna skólaársins 2024-2025 verði 74 nemendur.

Alþjóðaskólinn á Íslandi

Skólaárið 2023- 2024 stunda 29 reykvískir nemendur nám í skólanum en viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt var að greiða framlag vegna skólaárið 2023-2024 var 30 nemendur.

Í bréfi Alþjóðaskólans á Íslandi, dags. 24. apríl 2024, kemur fram að þegar bréfið var skrifað stundl 30 reykvískir nemendur nám við skólann og hafi nú þegar 35 nemendur frá Reykjavík óskað eftir skráningu í skólann fyrir skólaárið 2024-2025. Auk þess hafi einn nemandi flutt til Reykjavíkur síðustu áramót án þess að tilkynna það og því stundi í raun 31 nemandi frá Reykjavík við Alþjóðaskólann. Í bréfinu er einnig minnst á þá þætti sem m.a. skapa óvissu um fjölda nemenda yfir skólaárið. Að mati Alþjóðaskólans er mikilvægt að rými sé fyrir tilgreinda óvissuþætti þegar ákvörðun um fjölda nemenda er tekin. Að auki sé skólinn í samstarfi nokkur fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu um að auka möguleika erlendra sérfræðinga sem koma til að starfa á landinu að finna viðeigandi menntun fyrir börn sín á grunnskólaaldri.

Leggur Alþjóðaskólinn til að Reykjavíkurborg hækki viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda í 50 nemendur fyrir skólaárið 2024-2025.

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna skólaárið 2024-2025 verði 50 nemendur.

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ og Hafnarfirði

Skólaárið 2023-2024 stunda 2 reykvískir nemendur nám við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ og Hafnarfirði en viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt var að greiða framlag vegna skólaársins 2023-2024 var 8.

Ekki bárust upplýsingar um áætlaðan fjölda reykvískra nemenda við skólann skólaárið 2024-2025.

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna skólaársins 2024-2025 verði óbreytt eða 8 nemendur.

Grunnskólinn NÚ, Framsýn

Skólaárið 2023-2024 stunda 15 reykvískir nemendur nám í Grunnskólanum NÚ, Framsýn. Núverandi viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna skólaársins 2023-2024 er 20 nemendur.

Í svari grunnskólans Nú – Framsýn menntun, dags. 19. apríl 2024, upplýsir skólinn að reiknað sé með að reykvískum nemendum skólans muni fækka á næstu árum þar sem skólinn hafi nú heimild til að taka á móti 80 hafnfirskum nemendum. 100 nemendur séu í skólanum Nú.

Lagt er til að viðmið um hámarksfjölda reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna skólaársins 2024-2025 verði 20 nemendur.

IV. Fyrirvarar og gildistími

Tekið er fram að með samþykkt viðmiða um hámarksfjölda er ekki fallið frá óskilyrtum rétti sveitarfélagsins til að synja einstaka umsóknum foreldra um skólavist í grunnskóla utan lögheimilis sveitarfélagsins. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.

Í öllum tilvikum er lagt til að ákvörðun um viðmið verði tímabundin vegna skólaársins 2024-2025.

V. Upplýsingar um fjárhagslega áhrif

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 2.734.907,- í apríl 2024. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda kr. 2.051.176,- (dreifist á níu mánuði, sept-maí). Gildir hlutfallið fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda eða kr. 1.914.431,-

Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar er erfitt að tilgreina væntan fasta kostnað Reykjavíkurborgar pr. nemanda. Hann er mismunandi eftir skólum. Sá kostnaður fellur ekki niður ef laus pláss eru til staðar í grunnskólum í Reykjavík. Breytilegur kostnaður ræðst af því úr hvaða skólahverfi væntanlegur nemi í sjálfstætt starfandi skóla kemur.

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna framlaga til sjálfstætt starfandi grunnskóla miðast við nemendafjölda þeirra að hausti á rekstrarári á undan þ.e. október 2023 vegna fjárhagsáætlunar 2024. Skóla- og frístundaráð fær breyttar fjárheimildir í samræmi við fjölgun/fækkun og verðlagsbreytingar framlags á fjárhagsárinu.

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 22. maí 2024, liggur fyrir.

VI. Afgreiðsla málsins

Með vísan til framanritaðs er lagt til að samþykkt verði að setja framangreind viðmið um leyfilegan hámarksfjölda reykvískra nemenda, þ.e. nemenda með lögheimili í Reykjavík, sem heimilt er að greiða framlag vegna á skólaárinu 2024-2025, með fyrirvara varðandi afgreiðslu einstakra umsókna og um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári.



Umsögn

Til: Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur

Skóla- og frístundasvið hefur óskað eftir umsögn um viðmið um hámarksfjölda reykvískra grunnskólanemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna til sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur.

Tillagan varðar skólaárið 2024-2025. Hún er vegna eftirtaldrá skóla og er efnislega eftirfarandi:

- Waldorfskólinn Lækjarbotnum: Óbreytt, hámark 74 nemendur. Nemendur voru 58 á síðasta skólaári.
- Alþjóðaskólinn á Íslandi: hámark verði 50 nemendur en er 30 nemendur. Nemendur voru 29 á síðasta skólaári. Áætlaður fjöldi nemenda við skólann árið 2024-2025 er 35 nemendur.
- Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ og Hafnarfirði: Óbreytt, hámark 8 nemendur. Nemendur voru 2 á síðasta skólaári.
- Grunnskólinn Nú, Framsýn: Óbreytt, hámark 20 nemendur. Nemendur voru 15 á síðasta skólaári.

Tillagan felur í sér að nemendarammi sjálfstætt starfandi skóla verði aukinn um 20 nemendur.

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 2.734.907,- í apríl 2024. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda kr. 2.051.176,- (dreifist á níu mánuði, sept-maí). Gildir hlutfallið fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda eða kr. 1.914.431,-

Með fjölgun nemenda um 20 þá má ætla að framlög borgarinnar til sjálfstætt starfandi grunnskóla utan borgarinnar hækki um 38.288.620,-

Áhrif á fjárheimildir sviðsins

Fjárheimildir sviðsins vegna grunnskólabarna ráðast af endanlegum barnafjölda og hvernig nemendur skiptast í borgarrekna og sjálfstætt starfandi grunnskóla.

Til skemmri tíma litið er ekki raunhæft að gera ráð fyrir að hægt sé að lækka fastan kostnað í borgarreknum grunnskólum þó að fleiri börn fari í sjálfstætt starfandi skóla, því fjármagn er m.a. bundið í húsakosti borgarinnar og ýmsum öðrum föstum rekstrarkostnaðarliðum sem ekki er hægt að skera niður þó að um lítilsháttar fækkun nemenda sé að ræða milli ára.

Til skemmri tíma er því eðlilegra að bera saman breytilegan kostnað borgarrekinnar grunnskóla við framlag sem greitt er til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Slíkur samanburður er þó háður töluverðri óvissu þar sem ekki er ljóst hvernig þessi 20 börn myndu raðast í borgarrekna grunnskóla. Ef börnin raðast þannig að fjölga þurfi bekkjum í borgarreknum skólum, þá yrði kostnaðaraukin óverulegur við að greiða í staðinn framlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Ef fjöldi bekkja í borgarreknum skólum verður hins vegar óbreyttur, þ.e. betri nýting bekkja, þá má gera ráð fyrir auknum kostnaði borgarinnar við að greiða framlag til sjálfstætt starfandi skóla.

Vegna framangreindrar óvissu um skiptingu barna á milli skóla er nauðsynlegt að gera ráð fyrir að fjármagna þurfi að fullu þá fjölgun sem verður í skólum utan Reykjavíkur verði umsóknin samþykkt. Þó er vakin athygli á því að sjálfstætt starfandi skólar fá fjárheimildir í samræmi við barnafjölda hvers árs. Hækkun viðmiðs um hámarksfjölda skilar því ekki hækkun á fjárheimildum sé heimildin um viðbótar 20 nemendur ekki nýtt.

*Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*